



Greinargerð

Sveitarstjórn Húnaþings vestra hefur með samþykki landeigenda ákveðið að gera deiliskipulag fyrir Kolugljúfur í Víðidal og aðliggjandi umhverfi skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Markmið með fyrirhuguðu skipulagi er að bæta aðgengi, upplýsingar, öryggi og umferð ferðamanna um skipulagssvæðið. Það verður m.a. gert með; skipulagningu bílastæðis, staðsetningu þjónustu- og saleimishúss, útsýnispóllum, göngubrú, stígum, skiltum og öðrum tilheyrandi mannvirkjum.

Kolugljúfur er 1-2 km langt gljúfur Víðidalsár í Vestur-Húnavatnssýslu. Áin fellur niður í gljúfrið í fossum sem heita Kolufossar. Gljúfrin sem eru víða ógeng og stórbrotin eru kennd við tröllskessuna Kolu sem sagt er að hafi grafið þau og átt þar bústað sinn. Landamörk að austan ræður Hrappstaðarvegur (7175), að norðan landamerki Kolugils en að vestan og austan ná skipulagsmörkin út fyrir núverandi gönguslóðir og áningarstaði ferðafólks. Skipulagssvæðið sem er 7,81 ha er í eigu tveggja jarða. Svæðið austan við gljúfrið tilheyrir Kolugli en svæðið vestan við tilheyrir Bakka.

Forsendur

Umferð ferðamanna um Kolugljúfur hefur aukist mikið undanfarin ár og mjög aðkallandi er að skipuleggja svæðið. Mikil slysahætta er við gljúfrin þar sem ferðamenn hætta sér út á ystu brúnir til að virða fyrir sér stórbrotna náttúruna en engin handið eða önnur mannvirki eru þar fyrir hendi. Víða hafa myndast troðnar gönguleiðir án nokkurs skipulags. Uppbyggð bílastæði eru varla til staðar, saleimishús eða önnur mannvirki utan lautarbekks, ruslakassa og upplýsingaskiltis á austurbakka gljúfursins.

Skipulagið er unnið í samræmi við Aðalskipulag Húnaþings vestra 2014-2026 og ákvæði um viðkomandi svæði sem er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Kolugljúfur er á C-hluta náttúru-minjaskrá og því skal sýna sérstaka aðgæslu gagnvart vistgerðum, vistkerfum, tegundum og einnig að forðast að raska skráðum náttúru-minjum.

Bílastæði

Gert er ráð fyrir einu megin bílastæði sem rúmi 39 bifreiðar og 4 rútur. Svæðið sem fer undir bílastæði er að mestu leyti þýðir bithagar og lítt gróinn melur.

Stígar

Göngustígar skulu vera greiðfærir, þægilegir, öruggir og rokréttir m.t.t. umferðar um svæðið. Breidd aðalstíga verður a.m.k. 1,8 m svo auðvelt sé að mæstast á þeim. Leitast er við að fella stígakerfið á varfærinn hátt niður í núverandi landslag þar sem því verður við komið. Þar sem stígar fara yfir grýtt eða erfið svæði skal setja inn fljótandi göngustíga og þrep sem falla vel að landi. Á uppdætti eru einnig sýndar stíkaðar leiðir sem eru misbreiðar og greiðfærar. Þær skulu samt sem áður uppfylla sömu öryggiskröfur og gerðar eru til aðalstíga varðandi fallhættu.

Áningarstaðir

Innan svæðisins eru áætlaðir tveir áningarstaðir. Sá fyrri við þjónustuhús bílastæðis eða við upphaf gönguleiðarinnar. Sá síðari rétt vestan við Efri-Kolufoss. Mikill fjöldi náttúrulegra útsýnisstaða er innan svæðisins en skipulagið gerir ráð fyrir sjö skilgreindum stöðum þar sem hugað verður sérstaklega að því að hámarka útsýni í öruggu umhverfi. Á áningastöðum verða borð og bekkir og upplýsingar um svæðið.

Útsýnisstaðir og upplýsingaskilti


Gert er ráð fyrir fimm útsýnispóllum á svæðinu. Ú1 50-70 m² staðsettur við austari gilbrúnina norðan við núveandi brú, Ú2 50-70 m² við Efri-Kolufossa, Ú3 undir núverandi brú 20-40 m², Ú4 30-50 m² á vestari gilbarminum rétt sunnan við Kolurúm og Ú5 30-50 m² sunnarlega á skipulagssvæðinu, til móts við bílastæði. Einnig er gert ráð fyrir minni útsýnisstöðum á svæðinu sem og útbúnaði til að loka fyrir aðgengi ferðamanna að hættulegum svæðum. Staðsetning upplýsingaskilta verður aðallega við útsýnis og dvalarsvæði. Leitast skal við að hafa fjölda þeirra í lágmarki svo þau hafi ekki truflandi áhrif á upplifun staðarins. Skiltin skulu vera samræmd hvað varðar útlit og efnisval.

Göngubrú

Á skipulagssvæðinu er gert ráð fyrir göngubrú sem næst nyrðri hlið núverandi akstursbrúar. Samkvæmt hönnunardeild Vegagerðarinnar er ekki möguleiki að henga brú við akstursbrúna heldur verður að byggja sjálfstæða brú. Staðsetningin er valin til að lágmarka truflandi sjónræn áhrif af mannvirkinu. Þá er vilji hjá landeigendum að staðsetja aðra göngubrú yfir gljúfrin sunnar til að bjóða upp á möguleika á meiri upplifun gesta af gljúfrunum og jafnframt betra umferðarflæði um svæðið. Ekki hefur verið tekin afstaða til þess brúarstaðis.

Fornminjar

Engar manngerðar minjar eru innan skipulagssvæðisins en nokkur örnefni tengd þjóðsögunni af tröllkonunni Kolu eru í gljúfrinu að vestanverðu í landi Bakka. Fornleifaskráning skipulagsins var unnin af Fornleifadeild Byggðasafns Skagafjarðar.



Hluti af sveitarfélagsupprætti Aðalskipulags Húnaþings vestra 2014-2026

Byggingarreitur þjónustuhúss

Á byggingarreitnum er heimilt að byggja þjónustuhús allt að 220 m². Mesta hæð á mæni getur verið allt að 5 m m.v. hæð umhverfis og landslag við húsið. Litir á byggingunni skulu vera mildir og í samræmi við umhverfi sitt en við hönnun mannvirkisins skal virða náttúrufergund svæðisins og uppfylla ákvæði um algilda hönnun. Nánari grein verður gerð fyrir þessum framkvæmdum og staðsetningu mannvirkja innan byggingarreitsins á uppdætti vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa. Gert er ráð fyrir hlýlegri og högværri öryggis- og stemmingslýsingu við þjónustuhús sem og annarstaðar innan skipulagssvæðisins.

Umhverfisáhrif skipulagstillögu

Greint er frá umhverfisáhrifum skv. 5. mgr. 12. gr. skipulagslaga. Nokkra landfyllingu þarf við bílastæði en leitast verður við að hafa rask sem minnst.

Áhrif á samfélag eru ákvæð þar sem Kolugljúfur eru illa merkt, upplýsingar um þau litlar og aðgengi að þeim ábótavant og hættulegt. Með því að stýra umferð gesta um svæðið verður hægt að draga verulega úr þessari hættu. Leitast verður við að hafa rask við minjar sem minnst. Núverandi staða bílaumferðar er þannig að bílum er lagt víða um svæðið og skapast af því töluvert rask á jarðvegi og hætta á árekstrum gangandi gesta og akandi. Með því að útbúa nýtt bílastæði að aðkomusvæði mun draga verulega úr bílaumferð fram og til baka yfir núverandi brú sem er einbreið. Sjónræn áhrif af nýrri göngubrú verða takmörkuð með því að staðsetja brúna sem næst ásynd akstursbrúarinnar.

Deiliskipulag þetta sem auglýst hefur verið skv.

ákvæði 41. greinar skipulagslaga nr. 123/2010

frá _____ til _____

var samþykkt í sveitarstjórn Húnaþings vestra

þann _____ 2017.

Sveitarstjóri Húnaþngs vestra

Augýsing um gildistöku deiliskipulagsins var birt í B-

deild Stjórnartíðinda þann _____ 2017.

Skipulagsupprætti þessum fylgir skýringaruppráttur dagsettur 22. maí 2017



Teiknistofa Norðurlands
Glerárgata 36 600 Akureyri
Heimasíða: tsnl.is



HÚNAÞING
VESTRA
Hvammstangi - Hvammstangabraut 5

KOLUGLJÚFUR DEILISKIPULAG -Tillaga			
SKIPULAGSUPPRÁTTUR			
KVARÐI	1: 2000 / A 3	DAGS.	22.05.2017
VERKNR.	DU-2016-3	TEIKN nr.	1 / 2
		HANNAD: ABÓ	TEIKNAD: ABÓ
		Br.	